

Sp.

547. Þingsályktun

um fyrirhleðslu fyrir Þverá.

(Afgreidd frá Sp. 8. maí).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja á þessu ári allt að 5000 krónum til að fyrirbygga með bráðabirgðafyrirhleðslu framrenslu Markarfljóts í Þverá. Kostnað við það má á sínum tíma telja með kostnaði við fyrirhleðslu samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að láta rannsaka og gera áætlanir um fullkomna fyrirhleðslu til varnar skemmdum af Markarfljóti og nálægum vatnsföllum, svo og um þau mannvirki, er nauðsynleg eru til varnar farartálma af þeim, og leggja þær, að fengnu áliti sýslunefndar Rangárvallasýslu, fyrir næsta Alþingi.